

Matvælaráðuneytið

Fundargerð

Boðandi: Hjalti Jón Guðmundsson
Dags: 12.07.2022
Boðaðir: Kolbeinn Óttarsson Proppé, Þorgils Torfi Jónsson, Valgerður Sigurðardóttir, Hildur Hauksdóttir
Fundarmenn: Kolbeinn Óttarsson Proppé, Þorgils Torfi Jónsson, Valgerður Sigurðardóttir, Sigurgeir Bárðarson
Fjarverandi: Hildur Hauksdóttir
Bréfalykill: 02.02.03 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð - Fiskeldi
Málsnúmer: MAR22030127

Efni: 2. fundur Umhverfissjóður sjókvíaeldis - stjórn 2022-2026

Frásögn af fundi

Dagskrá fundar:

- Samþykkt fundargerðar síðasta fundar
- Tillögur að úthlutun
- Önnur mál

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt af öllum stjórnarmeðlimum.

2. Tillögur að úthlutun

Stjórnin fékk kynningu frá Grími Valdimarssyni og Ingimari Jóhannssyni um tillögur að úthlutun úr sjóðinum fyrir árið 2022. Fóru Grímur og Ingimar yfir hvert og eitt verkefni sbr. umfjöllun hér að neðan:

Stjórn á kynþroska hjá eldislaxi

Matsmenn mæltu með úthlutun til verkefnisins. Gæði umsóknar var talin sæmlega þar sem smá handvömm hefði verið í umsókninni

Fjölrækt við sjókvíaeldi

Matsmenn sögðu þetta ekki í fyrsta sinn sem sambærileg umsókn kæmi inn. Matsmenn ekki sannfærðir um að hægt sé að flytja góðan árangur af sambærilegum verkefnum erlendis hingað til lands þar sem aðstæður séu ólíkar.

Vöktun sjávarlúsa á villtum laxfiskum á Vestfjörðum og á Austurlandi í Seyðisfirði og Stöðvafirði

Matsmenn beina því til stjórnarinnar að kanna hjá umsækjendum hver staðan sé á þessum fyrri lúsaverkefnum almennt.

Lúsasmit og heilsufar villtra laxfiska á Vestfjörðum og Austfjörðum

Sjá umfjöllun um umsókn að ofan.

Burðarþol íslenskra fjarða

Matsmenn veltu því upp hvort rétt væri að styrkja ennþá stóru verkefni HAFRÓ að fullu eða hvort

einhverjar stefnubreytingar þyrftu að eiga sér stað hjá sjóðnum.

Vöktun á umhverfisáhrifum sjókvíaldis
Sjá umfjöllun um umsókn að ofan.

Plastlosun frá sjóeldi
Matmsenn töldu að ekki ætti að styrkja verkefnið

Örfræðslunámskeið
Matsmenn töldu að styrkja eigi verkefnið

Vöktun sjókvíaldissvæða með hraðvirkum erfðafræðilegum aðferðum
Telja verkefnið þarft þar sem það gæti skilið mikilvægum niðurstöðum.

Laxaseiði
Matsmenn telja að ekki eigi að styrkja verkefnið. Telja að frekar sé um rekstrar- en umhverfismál að ræða.

Heilbrigði og velferð hrognkelsaseiða í íslenskum laxeldiskvíum
Matmenn telja verkefnið þarft

Staða fiskeldis á Vestfjörðum út frá umhverfis- og samfélagslegum þáttum
Matmsenn telja verkefnið ekki uppfylla skilyrða fiskeldislaga né reglugerðar um umhverfissjóð sjókvíaldis.

Fóðrun með stuðningi reiknirita
Matsmenn telja að um mjög góða umsókn sé að ræða sem geti skilað miklum áranagri í framtíðinni

Rekköfun
Matsmenn telja verkefnið ekki líklegt til árangurs hér á landi

Vöktun á erfðasamsetningu laxfiska
Telja að um mjög mikilvægt verkefni sé að ræða sem beri að styrkja.

3. Önnur mál

Matsmenn yfirgáfu stjórnarfundin og stjórnin ræddi önnur mál. Formaður ræddi að færa þyrfti sjóðinn til betri vegar, s.s. með meiri eftirfylgni með framvinduskýrslum. Stjórn var sammála því. Formaður ræddi einnig hvort breyta þyrfti úthlutunarreglum varðandi úthlutun til Hafró úr sjóðnum. Stjórn var sammála því og sagði að þetta þyrfti án efa að vera eitt af verkefnum núverandi stjórnar.

Næst spunnust nokkrar umræður um hvernig fara skuli yfir umsóknir sem borist hafa. Sigurgeir kastaði því fram hvort skynsamlegt væri að fá t.d. álit MAST á einstaka umsögnum. Formaður taldi það of tímafrekt á þessari stundu þar sem samþykkt hefði verið áður að hraða úthlutun eins og hægt væri. Eftir nokkrar umræður var stjórn sammála því að ekki væri skynsamlegt að tjá sig efnislega um einstaka umsóknir á þessum tímapunkti heldur að það yrði gert á næsta stjórnarfund, föstudaginn 15. júlí 2022. Í millitíðinni var starfsmanni sjóðsins falið að hafa samband við tengiliði lúsaverkefna og spyjast fyrir hvort áhugi væri til staðar á því að sameina verkefnin. Starfsmanni sjóðsins var enn fremur falið að hafa samband við tengiliði umsóknarverkefna Hafró um hvort hægt væri að framkvæma verkefnin fyrir lægri fjárhæðir og hvort að einhver af verkefnum séu farin af stað.

Að endingu ræddi stjórn stöðu framvinduskýrslna. Stjórn samþykkti að veita starfsmanni sjóðsins umboð til að fara í viðræður við Grím og Ingimar um hvort þeir hefðu áhuga á að yfirfara framvindu-

og lokaskýrslur.

Niðurstaða og ákvarðanir

Starfsmanni sjóðsins veitt umboð til að hafa samband við; Hafró, tengiliði lúsaverkefna og Grím og Ingimar, sbr. umfjöllun að framan.

Tilvísun í málnúmer og fylgiskjöl

